



# Jafnréttisstefna Orkusölnnar

Stefna Orkusölnnar er að fyllsta jafnréttis sé ávallt gætt í starfsemi fyrirtækisins, óháð kyni, kynþætti, trú, aldri, fötlun, kynhneigð, kynvitund, þjóðerni eða öðrum félagslegum þáttum. Orkusalan leggur áherslu á að stuðla að jafnrétti og fjölbreytni á vinnustaðnum, þar sem allt starfsfólk hefur jöfn tækifæri og eru metin að verðleikum. Orkusalan skuldbindur sig til að vinna að stöðugum umbótum í jafnréttismálum.

## Markmið og áætlun

Markmið Orkusölnnar er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna hjá félaginu og hefur Orkusalan skuldbundið sig til að framfylgja jafnréttisáætlun frá 2024-2028. Í jafnréttisáætlun félagsins eru markmiðin og aðgerðirnar skilgreind sérstaklega og snúa að eftirfarandi þáttum.

- Launajafnrétti
- Laus störf, starfsþróun, endurmenntun og símenntun
- Samræming fjölskyldu og atvinnulífs
- Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

## Samþykkt

Samþykkt af stjórn Orkusölnnar 24.06.2025